

Stofnþing Karatesambands Íslands

28. febrúar 1985

Haldið í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal þann 28. febrúar kl. 20.00.

Dagskrá þingsins er þannig:

1. Stofnþingið sett af Sveini Björnssyni forseta ÍSÍ.
2. Kjörbréf og aðild að stofnun sérsambands, athugun.
3. Lagt fram til afgreiðslu frumvarp að lögum fyrir Karatesamband Íslands.
4. Hlé.
5. Kosið í stjórn og aðrar trúnaðarstöður Karatesambands Íslands.
6. Önnur mál.

1. Þingsetning.

Forseti ÍSÍ, Sveinn Björnsson setti þingið og rakti sögu ÍSÍ á skilmerkilegan hátt. Einnig fagnaði hann að stofnun Karatesambands Íslands væri að verða að veruleika, þakkaði hann sérstaklega karatenefndinni fyrir fórnfúst starf í þágu Karatesambandsins. Og bar mikið lof á störf nefndarinnar. Ritari var kosinn með einróma samþykki þingsins Þorsteinn Einarsson.

2. Athugun kjörbréfa.

Lögð voru fram kjörbréf og einnig voru könnuð skeyti sem bárust af landsbyggðinni um aðild að stofnun Karatesambandsins. Skipuð var kjörnefnd sem var skipuð eftirtöldum mönnum:

Árni Einarsson
Stefán Alfreðsson
Hjalti Kristjánsson

Kjörbréf komu frá Í.B.R.

Árni Einarsson, KFR
Atli Erlendsson, KFR
Jónína Olesen, KFR
Davíð B. Haralds, KFP
Karl Gauti Hjaltason, KFP
Þorsteinn Einarsson, KFP

Einnig kom sérstakt bréf frá Í.B.R. um stofnaðild.

Kjörbréf kom frá U.M.S.K.

Katrín Gunnarsdóttir, formaður U.M.S.K.
Kjeld Tveit, Gerplu
Hannes Hilmarsson, U.M.F. Stjarnan
Ævar Þorsteinsson, U.M.F. Breiðablik
Hjalti Kristjánsson, U.M.F. Bessastaðahrepps

Kjörbréf kom frá Í.B.H.

Bergþór Jónsson, formaður Í.B.H.
Jón Snorri Bergþórsson, F.H.

Kjörbréf frá H.S.K.

Ágúst Österby, H.S.K.
Sölvi Rafn Rafnsson, H.S.K.

Alls 19 atkvæði.

Skeyti kom frá Ú.Í.A. um stofnaðild, en þeir gátu ekki sent fulltrúa. Einnig kom hraðskeyti frá U.S.Ú. Hornafirði.

Kjörnefnd hafði ekkert við kjörbréf eða aðildarbréf að athuga. Þingið samþykkti með öllum greiddum atkvæðum, kjörbréf og aðild að Karatesambandi Íslands.

Stofnaðilar að Karatesambandi Íslands eru því – Í.B.R. – Í.B.H – U.M.S.K. – H.S.K. – Ú.Í.A. – U.S.Ú.

3. Lög K.A.Í.

Hermann Guðmundsson skýrði lögin og fór í hvern lið fyrir sig. Tillaga kom frá Ágústi Österby H.S.K. um lagabreytingu og hljóðar hún svo: Tillaga til lagabreytingar. Stofning K.A.Í. samþykkir að 7. lína 3. liðs 8. greinar hljóði svo: “Kjörbréfanefnd skipar öllum fulltrúum þings í nefndir.”, undirritað af Ágúst Österby. Eftir nokkra umfjöllun dró Ágúst Österby til baka tillögu þessa.

Hannes Þ. Sigurðsson, varaforseti Í.S.Í. kom með breytingartillögu við 6. grein, eða öllu heldur viðbót. Og hljóðar hún svo. “Enginn þingfulltrúi getur farið með fleiri en tvö atkvæði.” Einnig kom Hannes með tillögur um orðalagsbreytingar sem skoðuðust ekki sem lagabreytingar. Breytingartillagan var síðan samþykkt.

Eftir nokkrar umræður voru lögin borin undir atkvæði, lið fyrir lið, síðan í heild sinni með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

5. Stjórnarkjör.

Tillaga kom um formann, Hannes Hilmarsson, og var hann kjörinn með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kom um meðstjórnendur þá, Karl Gauta Hjaltason, Ævar Þorsteinsson, Stefán Alfreðsson og Davíð B. Haralds. Voru þeir kjörnir með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kom um varamenn í stjórn þau, Árni Einarsson, Ágúst Österby og Jónínu Olesen og voru þau kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kom um dómstól K.A.Í. þá, Árna Einarsson, Karl Gauta Hjaltason og Atla Erlendsson. Voru þeir kjörnir með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga kom um endurskoðendur þeir, Hjalti Kristjánsson og Kjeld Tveit. Voru þeir kjörnir með öllum greiddum atkvæðum.

6. Önnur mál.

Sveinn Björnsson tók til máls og óskaði nýkjörinni stjórn K.A.Í. góðs gengis. Afhenti hann tannfé til K.A.Í. kr. 15.000 sem Hannes Hilmarsson, nýkjörinn formaður K.A.Í. veitti viðtöku. Sveinn flutti árnaðaróskir til allra karateiðkenda með stofnum K.A.Í.

Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Í.S.Í. tók til máls og þakkaði karatenefndinni sérstaklega vel unnin störf. Í þeirri nefnd störfuðu: Hannes Hilmarsson, Ágúst Österby, Karl Gauti Hjaltason, Árni

Einarsson og Stefán Alfreðsson. Ræddi Hermann einnig um að ánægjulegt væri hve ör útbreiðsla væri á karate á Íslandi. Og færi karate eins og eldur um akra.

Hannes Hilmarsson þakkaði Hermann Guðmundssyni fyrir allt það óeigingjarna starf sem hann hefði innt af hendi í þágu Karate á Íslandi. Hannes þakkaði einnig það traust sem hann fékk í kjöri formanns K.A.Í.

Þorsteinn Einarsson, ritari þingsins, tók til máls og bauð stjórn og framkvæmdastjórn Í.S.Í. á pressuleik laugardaginn 2. mars

Hannes Þ. Sigurðsson, sagði að stutt væri síðan að karate hafi verið talin íþrótt innan Í.S.Í. en sem betur fer væri orðin meiri skilningur á hvað karate er sem íþrótt.

Fleiri tóku ekki til máls.

Sveinn Björnsson sleit síðan þinginu kl. 22.00

Þingritari,

Þorsteinn Einarsson.

Samþykki þingforseta:

Sveinn Björnsson